

## UMSÖGN

**Viðtakandi:** Borgarstjóri

**Sendandi:** Skrifstofustjóri borgarstjórnar

- 
1. Þann 19. desember sl. barst Reykjavíkurborg erindi stjórnar Hollvinasamtaka Elliðaárdalsins um fyrirhugaða undirskriftasöfnun í Reykjavík en í tilkynningu kemur fram að ætlunin sé að "knýja fram íbúakosningu um deiliskipulagið fyrir Stekkjarbakka, sem borgarstjórn samþykkti 19. nóvember s.l. og auglýst var í Stjórnartíðindum 25. nóvember s.l."
  2. Í 2. gr. reglugerðar nr. 155/2013 um undirskriftasafnanir vegna almennra atkvæðagreiðslna samkvæmt sveitarstjórnarlögum (hér eftir; reglugerðin), kemur fram að tilkynna skal sveitarstjórn ef fyrirhuguð er undirskriftasöfnun í sveitarfélaginu þar sem óskað er eftir almennri atkvæðagreiðslu um tiltekið mál er varðar sveitarfélagið. Erindið barst Reykjavíkurborg innan þess tíma sem veittur er og að öðru leyti í samræmi við ákvæðið.
  3. Í 3. gr. reglugerðarinnar er sveitarstjórn veittur fjögurra vikna frestur til að meta það hvort ákvæði sveitarstjórnarlaga hamli því að unnt sé að krefjast almennrar atkvæðagreiðslu um málið. Í lögnum kemur fram að atkvæðagreiðslu verður ekki krafist um efni fjárhagsáætlunar eða álagningu annarra gjalda, um ráðningu í störf hjá sveitarfélagi, um laun og önnur starfskjör sveitarstjórnarmanna eða starfsmanna sveitarfélags eða tillögu sem gengur gegn lögum eða mundi leiða til þess að lagaskyldu yrði ekki fullnægt af hálfu sveitarfélagsins.
  4. Erindi Hollvinasamtakanna er að mestu í samræmi við ákvæði sveitarstjórnarlaga að því er þetta varðar og talið er að borgarráði geti heimilað undirskriftarsöfnunina m.v.t. ákvæða 3. gr. reglugerðarinnar **með fyrirvara um endanlega framsetningu**. Í fyrirliggjandi tilkynningu Hollvinasamtakana kemur fram að ætlunin sé að safna „tilskildum fjölda undirskrifa til þess að sveitarstjórn láti fara fram almenna atkvæðagreiðslu um deiliskipulagið fyrir Stekkjarbakka Þ73 sem birtist í B-deild Stjórnartíðinda 25. nóvember 2019.

5. Í 1. mgr. 107. gr. sveitarstjórnarlaga er fjallað um ákvörðun sveitarstjórnar um almenna atkvæðagreiðslu um málefni sveitarfélags og í 2. mgr. er talað um þá tillögu sem borin verður undir atkvæði. Þá er í 2. mgr. 108. gr. fjallað um að sveitarstjórn eigi ákvörðunarvald um þá spurningu sem borin verður upp í almennri atkvæðagreiðslu. Í 2. mgr. 3. gr. reglugerðarinnar kemur fram að sveitarstjórn skal leiðbeina ábyrgðaraðila um orðalag tilkynningarinnar og önnur framkvæmdaratriði eftir því sem þörf er á og veita honum frest til að bæta úr annmörkum, sé tilefni til.
6. Í ljósi ofangreinds er talið að borgarráði beri að setja fyrirvara við afgreiðslu sína og vekja athygli ábyrgðaraðila á því sem fram kemur í 10. lið umsagnar þessarar og varðar lögformlegan feril skipulagsákvæðana samkvæmt skipulagslögum. Í fyrirliggjandi tilkynningu kemur fram að fyrirhugað er að tengja undirskriftarsöfnunina við samþykkt deiliskipulag sem þegar hefur öðlast lögformlegt gildi og verður það ekki felld úr gildi með íbúakosningu. Gera þarf ábyrgðaraðilum ljóst að skipulagsákvörðun verður einungis felld úr gildi með formlegri endurskoðun á viðkomandi deiliskipulagi og málsmeðferð samkvæmt skipulagslögum og að viðlagðri bótaábyrgð Reykjavíkurborgar. Ekkert er því þó til fyrirstöðu að fram fari undirskriftarsöfnun og íbúakosning um fyrirhugaða uppbyggingu í Elliðaárdal án þess að hún sé beinlínis tengd við þá stjórnvaldsákvörðun sem þegar hefur verið tekin með samþykkt og gildistöku deiliskipulagsins. Ber borgarráði að leiðbeina fyrirvarsmönnum um að haga undirskriftarsöfnuninni á þann hátt að hún sé ekki tengd samþykkt deiliskipulagsins.
7. Telji sveitarstjórn að undirskriftasöfnun samrýmist ekki þessum ákvæðum skal beiðninni hafnað. Ábyrgðaraðila skal tilkynnt um ákvörðun sveitarstjórnar um niðurstöðu sína án tafar og leiðbeina ábyrgðaraðila um orðalag tilkynningarinnar og önnur framkvæmdaratriði eftir því sem þörf er á og veita honum frest til að bæta úr annmörkum, sé tilefni til. Ef beiðni er hafnað er unnt að kæra þá ákvörðun til ráðuneytisins með vísan til ákvæða 111. gr. sveitarstjórnarlaga.
8. Ef fallist er á beiðni skal sveitarstjórn birta tilkynningu um fyrirhugaða undirskriftasöfnun á heimasíðu sinni og gera grein fyrir tilefni undirskriftasöfnunarinnar, tilgreina ábyrgðaraðila og hvenær henni skal vera lokið. Einnig skal sveitarstjórn tilkynna Þjóðskrá Íslands um fyrirhugaða undirskriftasöfnun.
9. Fallist borgarráð á erindi Hollvinasamtakanna skulu þau hefja undirskriftasöfnun innan tveggja vikna og ljúka innan fjögurra vikna frá því að hún hefst. Fylgja skal ákvæðum reglugerðarinnar um söfnun undirskrifta bæði rafrænt og á pappír. Ábyrgðaraðilar skulu fela Þjóðskrá Íslands að sjá um rafræna söfnun undirskrifta og er það hlutverk Þjóðskrár að sjá um framkvæmdina og tryggja að söfnun undirskrifta uppfylli kröfur um auðkenningu íbúa og öryggi söfnunar. Þegar undirskriftasöfnun er lokið skal ábyrgðaraðili fela Þjóðskrá úrvinnslu hennar. Þjóðskrá afhendir ábyrgðaraðila niðurstöður undirskriftasöfnunarinnar og undirskriftalista. Framkvæmdastjóri sveitarfélags tekur við undirskriftum frá ábyrgðaraðila ásamt staðfestingu Þjóðskrár og staðfestir móttöku þeirra.
10. Sveitarstjórn skal eftir móttöku undirskrifta staðfesta að tilskildu hlutfalli íbúa skv. 108. gr. sveitarstjórnarlaga hafi verið náð. Framkvæmdastjóri sveitarfélagsins eða oddviti tilkynnir ábyrgðaraðila um niðurstöðuna um leið og hún liggur fyrir og gæta að ákvæðum 7. gr. reglugerðarinnar um mögulegan viðbótarfrest. Verði niðurstaða sveitarstjórnar sú að

almenn atkvæðagreiðsla skuli fara fram ber sveitarstjórn að ákveða hvenær atkvæðagreiðslan fer fram og hefja undirbúning hennar, með vísan til 107. gr. sveitarstjórnarlaga. Almenna atkvæðagreiðslu skal halda innan árs frá því að slík ósk berst, sbr. 2. mgr. 108. gr. sveitarstjórnarlaga.

11. Í reglugerð um undirbúning, framkvæmd og fyrirkomulag rafrænna íbúakosninga og gerð rafrænnar kjörskrár er fjallað um heimildir sveitarstjórnar til að óska eftir því við ráðherra að kosningin fari eingöngu fram með rafrænum hætti og að kjörskrá vegna kosningarinnar verði rafræn. Að öðrum kosti fer um framkvæmd atkvæðagreiðslu farið eftir meginreglum laga um kosningar til sveitarstjórna eftir því sem við getur átt.
12. Sveitarstjórn á ákvörðunarvald um framkvæmd íbúakosninga og þá spurningu sem borin verður upp. Hér þarf að athuga sérstaklega hvernig heimilt er að orða spurningu er varðar deiliskipulag Stekkjarbakka en um er að ræða skipulagsákvörðun samkvæmt ákvæðum skipulagslaga 123/2010 sem hefur þegar tekið gildi. Þá þarf að gæta að því að það þarf jafnframt að framfylgja ákvæðum skipulagslaga við að fella niður uppbyggingarheimildir og aðra skilmála skipulagsins, eftir atvikum að viðlagðri bótaábyrgð Reykjavíkurborgar m.a. samkvæmt hlutlægri bótareglu skipulagslaga 123/2010.
13. Atkvæðagreiðslan er ráðgefandi nema sveitarstjórn ákveði að hún skuli binda hendur hennar til loka kjörtímabils. Í auglýsingu skal koma fram hvort atkvæðagreiðsla er bindandi. Slíka ákvörðun má binda skilyrði um að tiltekið hlutfall þeirra sem voru á kjörskrá hafi tekið þátt í atkvæðagreiðslu.

Á þessu stigi er ekki ástæða til að fjalla frekar um framkvæmd mögulegrar atkvæðagreiðslu og er henni því frestað þar til niðurstaða undirskriftarsöfnunar liggur fyrir.

Helga Björk Laxdal  
skrifstofustjóri borgarstjórnar